

HEILSUSÁLFRÆÐI

E-503-HEIL



Ár: 3. ár.

Önn: Vorönn.

Tegund námskeiðs: Skylda (sérhæft námskeið í sálfræði).

Undanfarar: 1. ár í BSc-námi í sálfræði.

Skipulag: 4 stundir á viku í 12 vikur.

Kennari: Jack James.

Lýsing: Í námskeiðinu verður lögð áhersla á hvernig sálfræðilegar kenningar geta útskýrt heilsu og vanheilsu. Farið verður yfir grundvallarkenningar með sérstakri áherslu á hið sálfræðilega líkan sem snýst um samspil félagslegra, tilfinningalegra, atferlislegra og líffræðilegra þátta og áhrif þess samspils á sjúkdóma, þróun þeirra og batahorfur. Einnig verður stuttlega farið yfir mismunandi einstaklingsmiðaða og hópmiðaða íhlutun sem beitt hefur verið til að hjálpa einstaklingum að taka upp og viðhalda heilsusamlegum lífsstíl, takast á við króníska sjúkdóma og taka ákvarðanir við lífslok.

Lærdómsviðmið: Að námskeiði loknu á hver nemandi að geta:

- Lýst helstu sögulegu og hugmyndalegu áhrifum sem leiddu til tilkomu heilsusálfræði.
- Lýst helstu lífsálfélagslegu áhrifum sem varða heilsu fólks.
- Lagt gagnrýnt mat á líffræðilegar fullyrðingar um heilsu.
- Lagt gagnrýnt mat á sálfélagsleg ferli, skilgreiningar og hugtök sem haldið er fram að geti útskýrt heilsu og vellíðan.
- Tekið virkan þátt og unnið vel með öðrum í hópstarfi að greiningu upplýsinga sem lúta að heilsu.
- Túlkað og kynnt fræðileg málefni og rannsóknarniðurstöður á sviði heilsusálfræði.
- Beitt skilgreiningum og hugtökum faraldsfræði.
- Reiknað út talnastuðla sem mikið eru notaðir í faraldsfræðirannsóknum.
- Haft hæfileika til að framkvæma flóknar rannsóknir í heilsusálfræði.

Námsmat: Hópumræður, nemendamát og heimapróf.

Lesefni: Ogden, J. (2012). *Health psychology: A textbook* (5. útgáfa). Berkshire, UK: Open University Press.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar og umræður.

Tungumál: Enska og íslenska.

ECTS: 6.